

Ekki þykja ítrekunaráhrif því koma til greina hér.

Refsing sú, sem ákærði hefur til unnið, þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969 hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómarinn getur þess, að hann hafi fengið mál þetta í hendur 27. janúar 1971.

Gíslí Einarsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ársæll Guðjónsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 21. maí 1971.

Nr. 219/1970. **Rósa Guðnadóttir**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Halli Hallssyni, Amalíu Skúladóttur,**

**Skúla Hallssyni og Huldu M. Hallsdóttur**

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útburðarmál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1970 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, synjað verði um framgang hinnar kröfðu gerðar og stefndu dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar úrskurðar fógeta og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rósa Guðnadóttir, greiði stefndu, Halli Hallssyni, Amalíu Skúladóttur, Skúla Hallssyni og Huldu M. Hallsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður fógetaðóms Reykjavíkur 19. október 1970.

Gerðarbeiðendur, Hallur Hallsson, Vallargerði 38, Skúli Hallsson, Karfavogi 31, Amalía Skúladóttir, Vallargerði 38, og Hulda M. Hallsdóttir, hafa krafizt þess, að gerðarþoli, Rósa Guðnadóttir, verði borin út úr húsnæði, sem hún hefur undanfarið haft til afnota í húsinu nr. 8 við Brúnaveg hér í borg. Gerðarbeiðendur hafa krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Hún hefur krafizt þess, að gerðarbeiðendur verði in solidum úrskurðaðir til að greiða sér málskostnað. Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fór fram 30. september s.l.

Það er komið fram í málinu, að gerðarþoli, Rósa Guðnadóttir, og einn gerðarbeiðenda, Skúli Hallsson, gengu í hjónaband 23. október 1943. Þau fengu skilnað að borði og sæng með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 16. júní 1950, og hefur leyfisbréfið komið fram í máli þessu sem rskj. 12. Fram hefur verið lagt endurrit af hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur frá 24. maí s. á., þar sem fram kemur, að maðurinn samþykki forræði konunnar yfir börnum þeirra tveim og enn fremur, að hún héldi leigurétti að íbúð þeirra, óátalið af honum. Sjá hér rskj. 5.

Gerðarþoli hefur búið síðan í íbúð þessari, sem er í viðbyggingu við húsið Brúnaveg 8. Eru þetta 3 herbergi, eldhús og baðherbergi.

Þá liggur fyrir í máli þessu bréf, sem dagsett er 21. október

1963, rskj. 9. Þar er gerðarþola hótað uppsögn á húsnæði þessu frá og með 14. maí 1964, ef hún láti ekki af stöðugum „ófrið og ágangi“, eins og í bréfinu segir. Hefur Magnús Fr. Árnason hæstaréttarlögmaður gefið vottorð hér að lútandi, sjá rskj. 10. Hann skýrir svo frá, að Hallur Hallsson tannlæknir, sem nú er látinn, hafi komið á sinn fund 21. október 1963 og beðið sig að skrifa Rósu Guðnadóttur, Brúnavegi 8, áminningarbréf vegna ófriðar og ágangs hennar og skyldi látið varða uppsögn pr. 14. maí 1964, ef áframhald yrði á því. Segist Magnús ekki vita betur en Hallur hafi sent Rósu bréf þetta, þegar það hafði verið ritað á skrifstofu hans (Magnúsar).

Þá liggur fyrir sem rskj. 2 uppsögn, undirrituð af öllum gerðarbeiðendum, dagsett 24. nóvember 1969, og er gerðarþola þar sagt upp til rýmingar 14. maí 1970 afnotum íbúðar þeirrar, sem hún hefur til afnota að Brúnavegi 8. Var uppsögn þessi birt gerðarþola með stefnuvottum 2. janúar 1970, sbr. vottorð stefnuvottanna, ritað á skjalið.

Byggist útburðarkrafan á uppsögn þessari. Gerðarþoli hafi engan eignarrétt á húsnæði þessu, enda þótt hún hafi aldrei verið krafín um leigu.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að gerð þessi nái fram að ganga. Hún skýrir svo frá, að þá er þau Skúli Hallsson gengu í hjónaband árið 1943, hafi verið reist fyrir þau viðbygging við húsið Brúnaveg 8 og hafi Skúli annazt bygginguna að nokkru. Þessi bygging hafi verið tilbúin haustið 1944 og var þeim hjónum þá afhent til íbúðar. Þau hafi ekki fengið formlega eignarheimild af hagkvæmnisrástæðum, en aldrei hafi þau greitt neitt fyrir afnotin, meðan þau voru í hjónabandi. Nú hafi Skúli hlaupizt af heimilinu á árinu 1949 og nokkru síðar krafizt skilnaðar að borði og sæng og í því sambandi hafi forráð barnanna fallið í hennar hlut og að samkomulagi hafi svo orðið, að afnotaréttur að húsnæðinu félli til hennar við skilnaðinn. Hafi tengdaforeldrar hennar líka talið þetta sjálfsagt. Kveðst gerðarþoli síðan hafa haldið afnotarétti þessum ótalið af öllum. Um leigu hafi aldrei verið að ræða, enda hafi byggingin verið reist af Skúla og foreldrum hans í sameiningu, enda um að ræða framlag foreldra hans til heimilisstofnunar þeirra og til þess ætlazt, að þau og börn þeirra nytu þessa í sameiningu. Gerðarþoli getur þess, að hún muni ekki til að hafa fengið bréf samhljóða rskj. 9.

Guðni Guðnason héraðsdómsslögmaður, bróðir gerðarþola, hefur gefið vottorð í málinu og mætt sem vitni. Hann kveðst hafa verið

umboðsmaður systur sinnar við skilnað hennar og Skúla Halls-sonar. Hafi þá komið til umræðu réttur þeirra til húsnæðisins að Brúnavegi 8 og ákveðið, að hann félli til hennar og barnanna, og þetta hafi verið vilji tengdafaforeldra hennar, þeirra Halls Halls-sonar eldra og Amalíu Skúladóttur, að breyting yrði engin á högum hennar og barnanna við skilnaðinn. Skúli Hallsson hafi hvorki þá né síðar gert neitt tilkall til þessara réttinda í sínar hendur. Guðni segir, að byggingu þessa hafi þau Hallur og Amalía reist fyrir son sinn og tengdadóttur, er þau gengu í hjónaband, og afhent þeim til umráða og afnota. Ekki hafi verið um leiguafnot að ræða eða neinar greiðslur, hvorki meðan hjónaband þetta hélzt né síðan, heldur afnot þessi byggzt á sérstöku samkomulagi, og álit allra hafi verið, að því yrði ekki breitt nema með samþykki allra hlutaðeigandi. Guðni skýrir svo frá, að nægilegt hafi verið talið aðilja á milli, að skilnaðarskilmálar væru munnlegir, og liggja þeir því ekki fyrir skriflega.

Gerðarbeiðendur hafa skilað aðiljaskýrslu í máli þessu. Þau benda á, að Skúli Hallsson hafi ekki getað heitið gerðarþola neinu varðandi leigurétt í húsi, sem hann átti ekki sjálfur. Þau mótmæla þeim skilningi gerðarþola, að þótt húsið hafi í upphafi verið reist fyrir þau Skúla til íbúðar, gefi það henni ótímabundinn leigurétt án tillits til breyttra aðstæðna. Sú hafi heldur ekki verið skoðun fyrrverandi tengdafaforeldur hennar, en hann hafi ritað henni bréf, þar sem henni var hótað uppsögn. Þá benda þau á það, að gerðarþoli hafi engar athugasemdir gert við uppsagnarbréfið á rskj. 2, sem hún fékk í janúarbyrjun s.l., fyrri en eftir það að rýmingardagur var liðinn.

Gerðarbeiðendur Hallur Hallsson og Skúli Hallsson hafa báðir mætt sem aðiljar í máli þessu. Gerðarþoli hefur skýrt svo frá, að hún telji, að gerðarbeiðandi Amalía Skúladóttir muni vera andsnúin úrburðarmáli þessu. Fyrir liggja í máli þessu læknisvottorð á rskj. 6, 13 og 14, og ber læknum þessum saman um, að Amalía sé ófær um það, heilsu sinnar vegna, að mæta fyrir rétti til skýrslugjafar. Þótti því ekki gerandi að leita eftir aðiljaskýrslu hennar, en hún hefur undirritað uppsögnina á rskj. 2, svo og hefur hún ritað undir umboð til Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmans, sem fer með mál þetta f. h. gerðarbeiðenda. Hefur Magnús sýnt umboð þetta í réttinum. Nafnritunum þessum hefur ekki verið mótmælt sem röngum. Upplýst er í málinu, að húseignin Brúnavegur 8 er öll þinglýst eign gerðarbeiðenda, allt frá árinu 1969, en áður var hún þinglýst eign Halls L. Hallssonar.

Enda þótt afnot gerðarþola að húsnæði þessu hafi nú staðið á þriðja áratug, leigulaust, þykir ekki fullyrðandi, að hún hafi með fullri vissu mátt vænta þess, að henni væru þar fyrirbúin afnot lengur en gerðarbeiðendum sýndist. Hefur hún heldur ekki getað sýnt fram á neina samninga eða viljayfirlýsingar hér að lútandi. Þykir ekki verða hjá því komizt að telja, að þessum afnotum gerðarþola hafi mátt slíta með tíðkanlegum uppsagnarfresti um íbúðir, miðað við venjulega flutningsdaga. Hefur slík uppsögn komið fram í máli þessu. Samkvæmt þessu verður útburðarkrafa gerðarbeiðenda tekin til greina.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðendum kr. 4.000.00 í málskostnað.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðenda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðendum kr. 4.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 21. maí 1971.

Nr. 55/1971. **Útvegsbanki Íslands**  
 gegn  
**Péttri Kjartanssyni og**  
**Guðbjarti Pálssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Kyrrsetning. Frávísun. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 14. apríl 1971 hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði fúgetadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp hinn 5. apríl 1971. Barst málið Hæstarétti 22. apríl 1971.

Krefst sóknaraðili, sem gerðist meðalgönguaðili í héraði, að synjað verði um framgang löghaldsins.